

GENGIÐ OFAR SNÚRU-STAUÐUM

Edda Andrésdóttir frá Eyjum:
Tiltóulega rólegt var á gos-töðvunum í gærkveldi, að minsta kosti þegar miðað er við fyrri.

Vindatt var hagstæð fyrir byggðina. Hún var á vestan, og beindist reykjarmökcur og öskufall því að sjó. Ekkert öskufall var í bænum í gær frá því á hádegi. Nog var samt um öskuna á götum og húsum í kaupstaðnum. Dæmi eru meira að segja um það, að fólk hafi stigioð á snúrustaura austast í bænum, þá t.d. við þau hús, sem standa ofan við Bústabarbraut nær Helgafelli.

20 hús hafa nú brunnið af voldum eldgossins. Eru þau hin sömu nú komin á kaf í ösku. Sums staðar hafa brotnað rúður í húsum og herbergi fyllzt af ösku. Við komum t.d. inn í hús, þar sem við komum inn í baðherbergi, sem kunnugur tjáð okkur að hefði verið eitt það fallegasta í bænum. Herbergið hafði fyllzt af ösku.

Þak þess húss var að því komið að gefa eftir undan þunga öskunar, sem á það hafði safnast. Sperrur voru komnar niður úr loftklæðningu. Þar voru húseigendur og menn með þeim að bjarga því sem bjargað varð úr húsinu. Meðal annars voru þeir að skrúfa úr eldhusinrétti- unni eldavélarsamstæðuna og rífa teppi upp frá gólfum, en það var þó meira en margur annar hefur getað hér í Eyjum.

Eitt hláði hús sáum við, sem boldi ekki þungannaföskunni og voru húseggirnir að kikna undan þunganum.

Sums staðar gengur maður eftir götum, sem hækkað hafa upp í sömu hæð og snúrustara-náðu. Verst virtist ástandið vera þar, sem slétt þök eru, sem ekki hafa þolad þungann.

„Patentlausnir“ lesenda á gosinu

Sjá bls. 2

„Nú kemur Steini ekki framar“

Viðhorf

Vestmannaeyjarengs
Sjá baksíðu

Hélt árásarmanni
unz lögreglan kom

Sjá baksíðufrétt

Vísnapátturinn

Bls. 14

POMPEII NÚTÍMANS?

Sjá myndsjá frá Eyjum á bls. 8-9 og bls. 5

Eyjamenn fýsir á vertið

Blaðamaður kannar andrúmsloftið í Hafnarbúðum

SJÁ BL. 2



Sundurtættir húsbúkarnir í Vestmannaeyjum verða sifellt fleiri. Þegar sprengjuhrinunni lianti voguðu þessir menn sér að skoda rústirnar, austast í bænum, með ógnþrunginn bjarma gossins í baksýn. Enn snerist vindur í gærkvöldi og austanáttin sendi ösku og víkurmolana í nýja árasárför yfir bænum. — Ljós. Sigurður Sigurjónsson — imynd

40 HÚS NÚ EYÐILÖGÐ

Gúmmbátar til staðar, ef höfnin lokast — mökkur yfir bæinn og nokkur aska

Edda Andrésdóttir, Eyjum klukkan eitt í nótt:

Tuttugu hús eru komin á kaf og önnur tuttugu brunnin, að sögn Magnúsar H. Magnússonar bæjarstjóra í Vestmannaeyjum. Ryk barst yfir bæinn snemma nætur, þott lygt væri að mestu, og mikil brennisteinstýla.

Hins vegar er enn fremur lygt, en hákinn mikill, ef hvessir mikil.

Verst virbist ástandið vera, þar sem voru slétt þök, því að í morgum tilvikum þoldu þau ekki þungann. Hallandi þök hafa staðið betur, og í gær var byrjað að sopá af þökum, svo að minni ástæða á að vera fyrir ibúa að óttast um þau hús sem standa, eins og flest gera enn.

Ibúðarhús ganga algerlega

fyrir. Til dæmis er óheimilt að flytja nokkuð úr verzlunum. Það fyrstur ekki gert fyrir en síbar. Þó var flutt úr Apóteki Vestmannaeyja í gærmgögn.

Nú er farið að rætast úr þeim matvælavanda, sem var hér

fyrst eftir að gos hófst. Lögreglan

hefur nú í fórum sinum lykla að

verzlunum í bænum. Einnig er

farið að flytja matvæli með

mjólk frá landi í gær. Fáir sáust að

ferli í gær. Hús eru að og tóm, og

aldrrei hefur verið jáfn eyðilegt og

tólmegt í bænum og í garla, síðan

gosíð hófst. Það var harla ein-

manalegt að ganga um göturnar

með drunur fyrir eyrum og

títrandi jörðina undir fótum sér.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja

hefur nú skipt sér, og eru nokkrir

i Reykjavík en aðrir í Eyjum. Fólk heldur áfram við flutninga, hvort sem eru húseigendur eða aðstóðarmenn, þótt öskufallið dynji á þeim, meðan húsmunir eru ekki taldir skemmast við, eða folk hljóti áverka.

I viðtali, sem Visir átti í gærkvöldi við Magnús H. Magnússon bæjarstjóra spurdum við Magnús, hvað yrði tekið til bragos, ef allt i eimur skapaðist hættuástand, svo að flytja yrði fólk burt.

Árvakur og Lóðsinn við-búnir neyð

„Árvakur liggr í höfninni nána“, sagði Magnús, og einnig báturinn Lóðsinn og með þeim að vera hægt að koma heim þeim

rúmlega 100 mönnum, sem hér eru. Ef höfnin lokast hins vegar, þá er annað varðskip úti fyrir Eiðinu og yrði þá að komast út i skipið í gúmmbátum. Þeir eru til ef þarf.

„Eg geri mér vonir um, að gosið geti breytt og orði venjulegt hraungos. Mér sýnist gosið hafa verið minna í dag en áður og vona, að yrði venjulegt hraungos, þá gati atvinnulifid farið smátt og smátt í gang. Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur minnir þó ekki hraungoss, sem staðið hefur í styrtitíma en einn manuð.

Það skal tekið fram vegna fréttar í gar um gufu á Íþróttavelli, að þar var um að ráða fót-boltavöll, sem er skammt frá hraunjaðrinum.

Vestmannaeyingum boðnar 500-1000 stöður

— en fáir hafa enn sótt um vinnu

Sjá baksíðu

VÍSIR SPÝR:


Hafið þér trú á að friður haldist í Vietnam?



Erla Ólafsdóttir húsmóðir: Er ekki búið að auglysa að svo verði? En það hefur nú svo oft brugðist, en það er aldrei að vita.



Stefán Steinar Tryggvason, lögregluþjón: Ja, það ætla ég að vona, og ég hef nú trú á, að þeir haldi friðinn í þetta sinn.




Sigurður Brynjólfsson, nemi: Jú, það held ég. Ég held að Nixon hafi séð sig um hönd.



Garðar Gíslason, starfsmáður í Ofnasmíðjunni: Þetta strið er sú mesta forsmán, sem um getur, og það á báðar hlíðar. Mér dettur ekki í hug, að pessir bólvaðir lubbakettir haldi friðinn.



Unnur Jensen, húsmóðir: Maður getur ekki annað gert en að vona, að petta blesist allt saman.



Göðmundur P. Magnússon, sundlaugarvörður: Nei, ekki býst ég við því. Ég held að þeir rjúfi friðinn og það verði Bandaríkjamenn, sem geri það.

Flestir Vestmannaeyinga vilja komast til verstöðvanna YS OG ÞYS Í HAFNARBÚÐUM

Mikil ásókn er í húsnæði, og sérstaklega vantar húsnæði fyrir stórar og barnmargar fjölskyldur. Yfirleitt hefur gengið vel að koma litlum fjölskyldum fyrir, til bráðabirgða. Fæst fólkid kemst í eigin húsnæði, heildur er það inni á heimilum hjá fjölskyldum, sem hafa boðið til að taka það til sin.

Auglyst hefur verið eftir húsnæði í útgörðarbæjunum á suburnorri, svo sem Þorláksbófin, Stokkseyri, Eyrarbakka, Keflavík og Grindavík. Hefur mikil af svörnum borizt frá þessum stöðum. Félagsmáttóki i Keflavík hafa t.d. boðið húsnæði fyrir 20-30 fjölskyldur og vinnu fyrir fólkid. Þá hefur mikil af fólkum farið í Straumsvík, en næg vinna er í Hafnarfirði.

Reynt að koma sem flestum inn á einkahemili

Reynt er að koma sem mestu af fólkini fyrir á einkahemilum, til þess að Vestmannaeyingarnir geti búið sem heimilislegast. Beinnum um húsnæði er yfirleitt vel tekifð af þeim, sem leitað er til. Til lengdar verður það erfitt fyrir alla ábila, að jafnviti būi 2-3 fjölskyldur á sama stað. Var blaðinu tjáð, að beztá dæmum um hjálparvila fólkis væri það, að daginn sem fólkid varð að fljá Eyjar, fengu allir húsnæði til bráðabirgða. Aðeins 60 manns hafði ekki verið komið fyrir á einkahemilum eða stofnumum þa um kvíðið. Þessum 60, sem eftir voru, var komið fyrir að hotellum.

Þá var blaðinu tjáð, að mikill hluti Vestmannaeyinga vildi komast frá Reykjavík. Æru það helzt sjómann og fólk, sem starfað hefur við fiskvinnslu, sem vill komast til verstöðvornar. Vilja sjómann fá húsnæði fyrir fjölskyldur sinar þar sem bátar þeirra verða gerðir út. Það eru aðallega þeir, sem unnið hafa við þjónustörf, sem sækjast eftir húsnæði í Reykjavík.

Ölfusborgin eru þegar fullsetnar og svo önnur hús, sem afhent hafa verið til afnota fyrir Eyjabakki. Í bígð er að fleytu hús frá Búrfelli til Reykjavíkur, þar sem þau verða sett niður og



Margir eru um boðið, þegar „útváldir“ fá að fara til Eyja og sækja það, sem unnt er, af eignum sinum.

Afhent Vestmannaeyingum til afnota.

Nokkrir hafa boðið fram sumarbústæði sina, og er slikt vel begið. Ef einhver sem ætti góðan sumarbústæð eða ibúð, sem verið veri að standsetja eða slikt með það fyrir augum að selja hana, en gæti hugsað sér að fresta því og láta Vestmannaeyingum húsnæði eftir, þá yrði það mjög vel begið.

Eigum aldrei eftir að fara til Eyja aftur

Blaðið hafði tal af konu ur Vestmannaeyjum, Stefání Marínssdóttir, og spurnið hana, hvort hún væri búin að fá húsnæði. „Nei, ekki enn sem komið er. Æg bý nána hjá kunningafólkini mínu, en þar get eg aðbyggilega ekki verið til framtíðar. Þetta er allt alveg voðalegt. Flugmadur, sem er Vestmannaeyingur og var að koma frá Eyjum, sagði mér, að við attum aldrei eftir að fara til Eyja aftur. Nú eru 17 hús brunrin. Eg bý i vesturbænum, svo kannski sleppur heimili mitt. Eg kom með allri fjölskyldu minni hingað, en börnin min eru öll uppkomin. Sonur minn er reynar í Eyjum, enn, en hann vinnur þar við björgunarstörf. Þetta er hraðalegt, við gátum engu náð með okkur. Eg er t.d. i lánskápu og peysu, sem eg fækli lánaða. Eg veit ekki, hvort við hefðum haft tíma til að taka eithvað með okkur, við hugsudum bara um að komast ut sem fyrst. Svo var okkur sagt að koma strax niður á byggjuna, því menn voru hræddir um að höfnin mundi lokast. Kannski getur maðurinn minn farið til Eyja og nái i eithvað með því naudsynlegasta. Eg býst ekki við að fara til Eyja á næstunni, en ég mundi fara strax og það væri óhætt.

Eg býst við að margir vilji fara til Eyja aftur, allaveg þeir, sem ekki eru mjög fullorðnir. Eg fer aftur, býst ég við, þó ekki verði það strax. Það er voðalegt að missa svona allt sitt“.

Þá hafði blaðið tal af fullorðnini koni og dóttur hennar. Konan sagði aðaldrei vilja fara aftur til Eyja, og í sama streng tök dóttir hennar. „Maður er núna að finna eftirkostin“ sagði konan, en því miður hefur blaðið ekki nafn hennar. „Ef þeir ætla að byggja eithvað upp þarna aftur, þegar gosinu lýkur, getur þær fengið húsið okkar, en hann er lengi búinn að sækjast eftir því. Ég er úr Reykjavík, og ég fer aldrei aftur til Eyja.“

—PM

Lesendur
hafa
ordið

Peningaleyse sverfur að sumum, eins og vantanlega þessum

þingmeyjum sem fá nokkra seðla í Hafnarbúðum. —

PATENTLAUSNIR LESENDA FYRIR VESTMANNAEYINGA

Inn. Húsnæðið biði bara tilbúið. Hvernig væri það, ha?

B. skrifar:

„Ef allir eru boðir og búnir til þess að veita okkur efnahagsstöð vegna vandræðanna í Vestmannaeyjum, hvernig væri þa að biggja allt, sem okkur er rétt, og drifa í því að byggja upp lands-höfni við Dyrhólaey, eins og til stóð einu sinni?“

Þessi gamla hugmynd var, held ég, komin svo langt, að gerð hafsi verið áætlun um þetta, þótt allt hafi strandað á fjárskorti.

Þarna væri kannski tækifæríð til þess að hrinda þessu í framkvæmd og fleyta höfniina og allt saman úr Vestmannaeyjum til Dyrhólaeyjar“.

Þorsteinn Kristjánsson hringdi: „Þegar menning eru nú að láta sér detta í hug að fara með vatnsslöngu og sprauta á gölandi hnúni, svo að það storkni - þá verður manni ósjáfrátt að brosa.“


En um leið kom mér í hug, að I Kaliforniu notuðu þeir stórar flugvélar til þess að slökka

skogarelda. Þær tóku, minnir mig, 10-15 smáleistar af vatni, með því að renna sér eftir sléttum vatnsfletti, og síðan slepptu þær óllum farminum yfir elda.


Ef menn eru að gæla við þá hugmynd að kæla hraunstrauminn, svo að hann storkni, þá væri heldur ráð að reyna að fá þessar flugvélar láanabár. Bandaríkjamein segjast boðin og búnir til þess að aðstoða okkur, og þessar flugvélar eru ekki í notkun eins og stendur, því að núna er regntiminn í Kaliforniu“.





Hátt er við, að varla sjái í leiðin öllu lengur. Óskunni rigndi að nýju yfir kirkjugarðinn.



Hann er áhyggjufullur þótt lífvana sé, þar sem hann virðir fyrir sér kirkjugarðinn, sem „sekkur“ í jörd.



Askan hefur rutt sér braut inn um gluggann og niður um þakkið og brennt húsið innan. Við næsta hús hrannast askan, sem hefur runnið ofan af pakinu, upp að glugga.



Mælaborðið er stílhreint, fallegt og auðvelt aflestrar

Þegar þér setjið inn í V.W. 1303, þá takið þér fyrst eftir að mælaborðið er gjörbreytt. Það er bölistrað, mjög auðvelt til aflestrar, — og litur út eins og mælaborð i dýrustu gerðum folksbila. Framrúðan hefur verið stækkuð um allt að 50%, og er nú kúptari, og þegar þér litið í kring um yður þá er billinn rúmbetri að innan.


Sætin eru miklu þægilegri. Armpúðer á hurðum, eru þægilegri. Girstöng og handbremsa hefur verið færð aftur og er auðveldari í notkun.

Afturjóssesamstæðunni má ekki gleyma. Hún hefur verið stækkuð um næstum helming, til öryggis fyrir yður og aðra í umferðinni.

En þrátt fyrir allar þessar breytingar og endurbætur þá er V.W.-últíð óbreytt.

Að sjálfsgöðu er hinn hogkvæmi og ódýri V.W. 1200 og hinn þrautreyndi og sigildi V.W. 1300 jafnan fyrirliggjandi.

Volkswagen er í hærra endursöluverði en aðrir bilar. — Volkswagen viðgerða- og varahlutapjónusta tryggir Volkswagen gæði. Volkswagen Gerð I kostar nú frá kr. 289.100.—



HEKLA HF
Laugavegi 170—172 — Sími 21240

VÍSIR

Útgefandi: Reykjaprent hf.
 Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eyjólfsson
 Ritstjóri: Jónas Kristjánsson
 Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson
 Ritstjórnarfylttrui: Valdimar H. Jóhannesson
 Auglysingastjóri: Skuli G. Jóhannesson
 Auglysingar: Hverfisgötu 32. Simar 11660 86611
 Afgreiðsla: Hverfisgötu 32. Simi 86611
 Ritstjórn: Síðumúla 14. Simi 86611 (7. inur)

Askriftargjald kr. 225 á mánuði innanlands
 í lausasólu kr. 15.00 eintakið.
 Bláðaprent hf.

Ekki er allt með felldu

Mörgum finnst, að ríkisstjórnin hafi tekið of kuldalega í ákaflega vinsamlegar yfirlýsingar ýmissa ríkisstjórnina um aðstoð vegna nátturuhamfaranna í Vestmannaeyjum. Slik hjálparboð eru sett fram með góðum hug og eru engan veginn til lækkið fyrir Íslendinga, eins og ríkisstjórnin virðist halda. Þessi boð um liðeveislu eru dæmi um, að við eignum góða granna beggja vegna Atlantshafsins.

Slik boð á að þiggja með þökkum og láta fylgja með, að Íslendingar kunni vel að meta hjálptusa nágranna. Tilkynningar um að óvist sé, að Íslendingar þurfi nokkuð að aðstoð annarra að halda, eru barnalega sjálfbirgingslegar og dónamegar. Íslendingar hafa sjaldan legið á liði sinu, þegar illa hefur staðið á hjá öðrum, og eru vanir því, að slikri aðstoð sé vel tekið.

Mannalæti Þjóðviljans um, að við skulum „gjalta sjálfir eldskattinn“ stinga illilega i stúf við grátbólgarnar yfirlýsingar Lúðviks Jóseppsonar um, að þjóðarbúskapurinn sé á hverfanda hveli eftir eldsumbrotin í Vestmannaeyjum. Þær yfirlýsingar komu strax á öðrum degi gossins. Voru þar stórlaga yktar tölur um hugsanlegt tjón þjóðarinna af völdum gossins.

Menn sáu strax, hvar fiskur lá undir steini. Ráðherrarnir vissu, að útlitið var svart i efnahagsmálinum, og sumir þeirra sáu í eldgosinu möguleika á að skella allri skuldinni á náttúruöflun. Það var einkar óviðkunnanlegt að sjá eldgosið gripið sem haldreipi þegar á öðrum degi og lesa feginleikann á milli grátbólginna linanna.

Ríkisstjórnin er með mannalæti út á við og þykist geta ráðið sjálf við eftirkost eldgossins. En inn á við kveinar hún og barmar sér og segir eldgosið koma þjóðarbúinu í hreint óefni. Hér er um óvenju grófum tviskinnung að ræða, jafnvel hjá þessari ríkisstjórn.

Annað undarlegt mál eru tilraunirnar til að halda varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli utan við aðgerðir í Vestmannaeyjum. Þegar eldgosið kom upp, tók varnarliðið mjög virkan þátt í aðgerðum fyrstu náeturinnar og morgunsins, þegar ibúum Vestmannaeyja var komið til lands. Síðan hefur því að mestu leyti verið haldið utan við málín. Eru þar þó beztu tækin og mest reynslan við að fást við slik störf.

Skýringin er sú, að sumir ráðherrarnir sjá rautt í hvert sinn sem þeir heyra eða lesa um einhver björgunarstörf varnarliðsins. Þeir vita sem er, að tveir þriðju hlutar þjóðarinna kæra sig ekkert um, að varnarliðið fari úr landi að sinni. Og þessum ráðherrum er meinilla við, að varnarliðið auki vin-sældir sinar með þátttökum í björgunaraðgerðum hér innanlands. Frá okkar sjónarmiði hljóta þó almannavarnir að vera höfuðverkefni varnarliðs.

Það er vegna annarlegra sjónarmiða að varnarliðið má helzt ekki taka þátt í björgunaraðgerðum, og það er vegna sömu annarlegra sjónarmiða að Bandaríkjastjórn má ekki veita fjárhagslega aðstoð vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. A þessum annarlegu sjónarmiðum ber ríkisstjórnin fulla ábyrgð.

Belgia er á sinn hátt algeng sérfakt ríki, og sjálf-ságer að ýmsan hátt gott að búa þar, en það gæti þó verið undir lífsviðhorfum manna komið. — T.d. er bjór ódýr þar. En á hinn böginn gefa laeknar farið í verkfalli, ef þeim sýnist svo, og skilið sjúklinga sína eftir í dauðanum. Og þar er umframboð að ibúðum, sem er fáheyrt ágæti, en á hinn böginn er póstþjónustan svo gamaldags, að bréf getur verið nokkra daga að berast á milli borgarhluta í Brüssel. Og stjórn Belgia er í fylkingarþróasti þeirra, sem berjast fyrir aukinni samstöðu Evrópulanda og auknu frelsi, en á hinn böginn hefur hún svipt foreldra öllu valfrelsi, þegar kemur til ákvörðunar um, í hvaða skóla þeir vilja senda börn sin.

Það á því fullt eins vel við að kalla Belgia land andstæðnanna, eins og Ísland er kallað land bæði eldsins og issins. — I Belgia er t.d. óskaplegur munur á fátekuum og ríkum. Sá kjarajöfnudur, sem átt hefur sér t.d. stað á Norðurlöndunum, pekkist ekki í Belgia. A meðan uppreisn unga fólkssins og felagslegt umrót hefur sett flest úr skordum í næstu nágrannlöndum, Frakklandi og Hollandi, hafa Belgar ekki haggat.

Tungumálastrið.

Balgarnir spara sér aðsinginn til ákvæðins málnefni — tungumálastriðsins. Þjóðin er klofin í tvænni: frónskumalandi Vallóna og flæmskutalandi ibúa þess landshluta, sem telst til Niðurlanda. Og þessir hópar eiga í sí-felldum erjun, sem jafninn hinir með menntuðu taka þátt i.

Kreppu hefur orðið þar a kreppu ofan, og ástandið hefur versnað ár frá ári. Æ hávarar hafa þær raddir orðið, sem óttast, að til abskilnaðar komi, ef tilraunin til sættu mistakast.

Það eru eindsmári, ef ríkisstjórn verður að segja þar að sér vegna misheppnaðra efnahags-ágerða. En þær hafa kollið í móðurmálpolitíkinni og falla enn, eins og t.d. stjórn Gaston Eyskens fyrir tveim manuðum út af agreeiningi um, hvor í svæti ætti skipa nokkur fámenn hreppsfe-lög.

Tungumálastriðið setur líka sinn svip á menningarlif og



Turninn á ráðhúsinu í Brüssel að nátturlagi.

Umframboð á íbúðum og ódýr bjór — en talað tveim tungum

skólanum. Eftir stúdentaóeirbir varð franska deild háskólangs í flæmska bænum Leuven (stærsti háskóli kapolskra í allri Evrópu) að loka, og nýr háskólabær spratt upp í vallónska landshlutanum.

Umferðarskifli.

Sennilega bera Belgar allra manna hæstu útgjöld af umferðarskiltum. Þvíð þar sem bæði málín er tóluð, hafa umferðarskifli verið eyðilögð eða yfirmarkað. Hinir frónskutalandi ráðast á flæmska tekstanum, og Flæmingarnir ráðast á Flandara-tekstanum.

Þetta kemur auðvitað harðast að óviðkomandi aðilum — útilendur ferðafolki, sem rekur sig líka á umis ónnur vandamál. Eins og t.d. að sérhvert þorp eða bar hefur tvö nöfn, annað á frónsku og hita á flæmsku. Það hver skýldi láta sér detta í hug, að Lille í Norður-Frakklandi heitir einnig Rijssel, eða að Mons í Suðurbelgi heitir Bergen.

En deilan milli þessara tveggja móðurmálsþópa hefur ekki komið í veg fyrir, að efnahagur landsins blómast. Belgia á t.d. heimsmet í útflytningi, miðað við höfðatölulegum að sjálfsögðu. Byggingar meirir en í nokkurri stórborg

annars staðar í Vestur-Evrópu. Óg nýr iðnaður sprettur þar hráðar upp en gorkúlar. Skattar- og umsær aðrar ívilanir lada að sér erlent fjármagn í stórum mæli.

Verðlag

Þrátt fyrir t.d. ríkisstjórnaskipti hefur stjórn landsins tekit að byggja upp stöðugan efnahag og eftirlituninn í þeim hlutum landsins, sem lent höfði á eftir. Samt hefur verðbólgan flætt yfir Belgia sem önnur lönd álfunnar, engu að síður eru lífssnaðusýnir óðyrar. Eins og t.d. bjórin! Hann kostar rétt rúmar 20 krónur (isl.), og hinari vinsalu belgisku sigarettar kosta 43 krónur pakkinn, með 25 sigarettum í pakkanum.

Nu kann einhver að sprayja, hváða gagn að ódýrum björ, meðan sjúkrahúsini eru léleg. Belgar víðurkenna sjálfir, að heilbrigðisþjónusta þeirra sé gamaldags og þarfist endurskipulags. Læknarnir segjast hafa af lág laun, en ibúunum er enn minnisætt, þegar læknar fyrir nokkrum árum fóru í verkfalli í mótmælaskyni við læknalögnum. Að visu var sett upp neyðarstöð en með minna ógrynni af sögum um ætttinga, sem létu lífið vegna þess að þeir komust af seit undir læknishendur. Það er erfitt að fá ekki heilt, að fólk komi að læknastofuna, og það auðvitað a skrifstofutíma.

Hversdagslegt

En Belgar æsa sig ekki upp af slikum hlutum. Ekki einu sinni þótt afsliebingarnar kunni að vera örlogaríkar, og daubust til hliðist af læknisskorti. Borgarinn finnur, að ekki getur allt verið fullkomíð. Hann virðir það, að eithvað er gert til þess að bæta úr ástandinu. Að minnsta kosti setzt hann ekki niður til að skrifa í blöðin skammargreinar út af hlutum, sem honum þykja óskop hvers-dags.

Það er annars einkennandi fyrir ibúa þessa lands, að þar umir yfirleitt hver ánægður við sitt. Nema náttúrlega, ef tungumálastriðið smerti viðkomandi. Ef byltung yrði í Evrópu, mundi hún sennilega einna seinast berast til Belgia.

Það vakti því gifurlega athygli um alla Belgia þegar smákaupmenn (sennilega um 10% ibúanna) lokuhóu ekki að fyrir löng verzlunum sinum í mótmælaskyni við rekstrarfélleika. Ráðherra millistéttarinnar (sennilega sá eini í öllum heiminum), lofaði að taka málid til gaumgafilegar atthugunar, og smákaupmennir gerðu sig harðanægða með þá afgreiðslu og gengu aftur inn í verzlanir sinar, sem hafa engan ákvæðin lok-unartima og ekki heldur neinn ákvæðin opnunartima.

Stjórnarskiptin

Stjórnarkreppur eru mjög algengar í Belgia — eða það, sem annars staðar er kallað stjórnarkreppa. Það sem óðrum þykir vera kreppa, er dreyst í nokkra daga eða vikur að mynda nýja ríkisstjórn sem stjórnarskipti, er naumast haegt að kalla kreppu í Belgia. Með göngutími þar hleypur á manubum, aður en ný ríkisstjórn fáðist. Slikt er nánast regla í Belgia og hitt undantekning, ef ríkisstjórn er myndub fliotlega eftir kosningar.

Pannig bárust t.d. fréttir af því, að í fyrradag hefði lokis Edmond Leburton, leitboga sosíalista, tekizt að mynda samsteyptastjórn briggja flokka — tveim manuðum eftir að stjórn Gaston Eyskens felli frá.




VERÐA VESTMANNAEYJAR POMPEII NÚTÍMANS?


Verða Vestmannaeyjar Pompeii nútímans? Verður bærinn að mestu í kafi um langan aldur? Kannski fyrir erlenda túrista til að skoda? Menn vona, að silt gerist ekki, en hægt og bítandi fara húsini í kaf.

Húsmunir komast tæpast heilir til skila eftir flutninga við þessar aðstæður. Eitthvað skemmið vaðalaust af salla í meðförum inni í bænum, auk þess sem götur eru viðast illferar orðnar. Þá er húsmunum eyðilega staflað í skipin með þeim hattí, sem þórf krefur og verða þeir fyrir hnjasí. Þetta þykir Eyjabuum ekki tiltakanlegt miðað við hinn kostinn, að hluti nír verði ösku og eimyrju að bráð.

Myndir:
Bragi Guðmundsson
ljósmyndari Vísis
skyggnist um
í Vestmannaeyjum



Ryk eyðileggingarinnar gleypir allt.



Brotinn glugginn og fyrir innan sést barnagrindin innan um önnur merki um notalegt fjölskyldulif, sem var.




Hannibal stendur á hraunhólnum, sem er jafnhár húsini. Ráðherrarnir Hannibal, Halldór og Magnús Kjartansson komu til hins sökkvandi bæjar í gær. Menn bíða aðgerða stjórnvalda til að bæta hlut fólkssins.





Fólkid hamast linnulaust við að flytja eiger sinar undan mekkinum.



Bæjarstjóri-vonast eftir hraungosi, en jarðfræðingar eru ekki tilbunir að spá því. Ef áframhald verður á „öskugosi”, gátu þessi orðið örloð meðs hluta bæjarins.



Niðri við höfn var öskulagid enn adeins nokkrir sentim, og lygnt í gærdag.



Fólk var sagt, að það kæmst adeins með það, sem það gæti borið. Meðöllum ráðum reyndu þeir bæjarbúar, sem komist höfðu til Eyja í gær, að pakka eignum sinum og komast til skips.

Margir bátar til-kynna ekki komu sína Húsgögn flutt úr 70 húsum - 100 bílar eftir enn

Rúmlega hundrað manns eru nú í Vestmannaeyjum og eru það allt menn úr slökkviliði, löggreglu eða úr Hjálpar-sveit skáta ásamt nokkrum fréttamönnum, sem enn eru þar staddir.

I gær var sem kunnugi er öllum skipað að yfirgefa eyjarnar fyrir klukkan eitt á hádegi, og voru bátar úr Eyjum, ásamt Heklu og Herjólfí i flutningum.

Fólk flytti sér að tina saman það sem mest þörfin var fyrir, en enginnmáttihafa neitt meira með sér af farangri en það, sem hægt var að halda á svo vel fari, eins og t.d. töskur og poka.

Bílar og húsgögn fóru einnig með skipunum. Margir voru því feginir að yfirgefa loksins eyjarnar.

ar, enda hafði nokkur hræðsla grípið um sig í fyrrinot.

I gárdag kom Dettifoss til Eyja, og verður hann í einhverju um flutningum áfram a milli lands og Eyja ásamt Herjólfí og Heklu. Vestmannaeyngum, sem staddir eru annars stadar en á Heimaey, er leytið að sigla með til Eyja, ef þeir þurfa þeim að koma einhverju sérstöku frá heimilum sinum. Enginn hefur meira en tvö og hálfinn tímum til umrada á eyjunni. Fæst ferðaleysi með skipi með því skilyrbi, að farid verði með því hinum sama astur til baka. Þótt vindur hafi verið á vestan og öskufall hafi verið á sjó yfir innsigligunni í gær, var skipum óhætt að sigla heim. Von er á nokkrum bátum til Eyja með fólk. Löggreglan kvartar um, að bátar, sem koma, tilkynna ekki komu sína neð mikil þeir eru með af farþegum.

Búð er að tæma og bera út húsgögn á samtíms um 70 stöðum á Heimaey og ennþá er haldið áfram af kappi.

Peir Eyjamenn, sem flúið hafa kaupstabinn, hafa skilið eftir lykla að húsum sinum og ibúum í umsjá löggreglunnar ásamt heimilisfangi. Löggreglan sérl síðan um að hínða húsgögn úr hibýlunum ásamt slökkviliði og mönnum úr hjálparsveitum skata. Billyklar eru súmuleiðis í vörzu lögreglunnar. Að því er löggreglan telur að aðeins eftir að flytja um 100 bíla á land.

Sumir hverjur hafa þó annaðhvort gleymt að skilin eftir lykla að bilum eða ekki kært sig um það. Löggreglan mun þó reyna að sjá svo um, að þeir bjargist sem flestir.

Pá má geta þess, að björgunarliðið allt hefur stadið sig abðaanlega þessa daga. Unnið er viðstöðulaust allan sólarhringinn og fastir láta eftir sér nema andartakshvildir. Það er vist vart hægt að kalla það hvíld, þó sofið sé kannski einn tima í sólarhring.

-EA/PJM

Laugardagur 27. janúar 1973

Héldu árásarmanni unz lögreglan kom

— lögreglan neitar að gefa upplýsingar

„Það er orðið iskygilegt, hversu líkamsársír færast í vöxt í borginni“, sagði maður, sem hringdi til Vísir i gær. Sjálfur hafði hann átt þátt í að hafa hendur í hári árásarmanns fyrr um daginn.

„Um klukkan nio fyrir hádegi sá ég mann berja unga stúlkum í höfuðið“, byrjaði hann. „Hann hafði staðið í portuna á móts, við hús númer 33b við Njálsgötu, og þegar stúlkan gekk þar í gegn, létt hann höggði riða“.

Stúlkan fell niður og gaf um leið frá sér mikil sársaukaóp. Við það var eins og allur vigamóðurinn rynni skyndilega af árásarmanninum, og hann tók til fótanna.

Eg og nokkrir fleiri vegarunda tökum á rás á eftir honum, en náðum honum ekki fyrr en á næstu götu fyrir neban.

Par tökt okkum að halda honum, par til lögreglan kom á stæðinn. Svo virtist sem maðurinn væri undir áhrifum“, sagði sjónarvotturinn að lokum.

Lögreglan vildi engar upplýsingar gefa Vísli um mal petta, þegar blaðið vildi leita frekari upplýsinga í gærkvöldi, þar sem aftan bókun um málid i dagbókinni stæði, að ekki mætti gefa fjölmöulum upplýsingar um það. Slikum leyndarmálum hefur farið fylgandi upp á síðastið. — PJM

Eyjabörn fá leikhúsboð

Börnum frá Vestmannaeyjum verður boðið í leikhús á mánuðaginn til að sjá barnaleikritið „Ferðin til tunglins“. Þeir sem vilja fá miða á þessa sýningu þjóbleikhússins geta náð í það í dag, milli 13.00 og 16.00. Miðarnir fást endurgjaldslaugt.

Það er ekki svo oft sem krökkum úr Vestmannaeyjum gefst kostur að fara í þjóbleikhús, að margir munu án efa þigga petta boð. Sagan, sem leikritið er gert eftir, var lesin fyrir skómmu í útvarpið, og líklegt er að børnin í Eyjum hafi fylgzt með henni og hyggi gott til að fá að sjá alla skryntu fuglana, sem koma fyrir í sögunni. Vart er að efa, að aldínborinn, Oli lokbrá, karlinn í tunglinu og allir hinir munu veikja kátinum hjá ungvöðum.

I fyrirkvöld mun unglungum úr Eyjum hafa verið boðið í Tónabæ, einnig endurgjaldslaugt. Það er aðeins, að einhverjar hafa gert sér grein fyrir, að Vestmannaeyingar hafa fleiri þarfir en þær efnelegu.

— LÓ

500-1000 býðst vinna

— en aðeins 11 Eyjamenn hafa sótt um ennþá

Mikið hefur verið boðið fram af störfum fyrir Eyjabúa og sifellt koma fleiri og fleiri boð um vinnu. Óskirnar um að fá fólkvið i vinnu hafa borit viðs vegar að af landinu og er til dæmis áberandi mikil, sem Austfirðingar hafa látið i sér heyra. Í dag

var sett á stofn sérstök vinnumiðlun í Hafnarbúðum.

Austfirðum er bæði boðið til að taka fólk i vinnu og eins er sagt, að ákvæðinn fjöldi báta geti komið að til útgerðar.

Alls mun vera til vinnu fyrir á milli 500 og 1000 manns, en ekki hefur verið gerð nákvæm niðurröðun á öllum tilboðunum, svo að fjöldinn er ekki vitaður nákvæmlega. Í gær mun talan þó hafa verið nær þusund.

Þeir, sem þegar eru byrjaðir að starfa, eru starfsmenn á bæðiskrifstofunni, þeir vinna allir í Hafnarbúðum, og starfsfólk sjúkrasamlags Sparisjóðs Vestmannaeyja, og Utvegsbankautíbússins. Einnig vinur margt fólk ur ýmsum starfsgreinum í Hafnarbúðum við margvislegustu störf.

Sérstök sjúkradeild?

Í gær var haldinn fundur folks, sem unnið hefur að heilbrigðismálu. Fundurinn var haldinn í Domus Medica og

kom þar fram á hugi að að hefja störf við heilsugezlu Vestmannaeyinga í höfuðborginum. Ekkert var ákvæði að þessum fundi og eru þessi mál óll í athugun ennpá. Mikill hugur kom fram að að drifa í að koma þessum málum í gott horf. Til greina-mun koma, að sérstök sjúkradeild verði í húsnæði Landspítalans, en það er ekki komið á lokastig ennpá.

Eins hafa tveir leknar verið starfandi til að þjóna Eyjabúum eingöngu, það eru þau Einar Guttormsson og Ingunn Sturlaugsdóttir.

— LO

300 millj.

— ef allir gefa eins og Grímseyingar

Öskipulögð söfnun er nú hafin til styrktar Vestmannaeyingum. Ríkisstjórnin hefur ekki enn skýrt frá því, að hvern hátt hún telji eðlilegt að safna til styrktar Vestmannaeyingum, með frjálsum samskotum eða með sérstökum skattum, sem lagður yrði að með örðum sköttum. Par til þetta liggur ljóst fyrir, má ekki biðast við því, að söfnun fari verulega af stöð.

Meðal peirra, sem þegar hafa sent fé, eru Grímseyingar. Þeir sendu 121.500 krónur, sem samsvarar um 1500 krónum á hvert mannsbarn í Grímsey. Ef allir aðrir landsmenn gæfu jaft og Grímseyingar, mundu safnast með frjálsum samskotum um 300 milljónir króna frá almenningi.

Auk Grímseyinga hafa allmargir aðilar sent fé. Stærst einstaklingur er Lúðvík Storr með 300 þús. kr. Stærsta upphæðin hins vegar frá V-Þryzkalandi, 3 milljónir röskar. Framlog til Vestmannaeyinga má leggja inn á gjördeikning Rauba krossins, nr. 90.000.

— VJ

9 milljónir hafa safnast

Niu milljónir, tvö hundruð og áttatu þúsund krónur höfdu í gærkvöldi boðið Rauða krossinum sem framlög til styrktar Vestmannaeyingum.

Samanlöggð utgjöld Rauða krossins vegna hjálpstarfssins höfðu þá numið fjórum og hálfi milljón.

Stórar fjárhæðir bárust í gær til viðbótar þeim, sem ábur höfðu boðið. Íslenskir aðalverktakar lögðu fram þári milli milljónir króna, og margir aðilar lögðu fram um eitt hundrað þúsund krónur.

— HH



„Ég lífi, og þér munuð lífa“. Vestmannaeyjar munu einnig lífa, þótt þær séu sumpart í jörðu grafnar sem stendur. Ljósmynd: BG í gær.

„Steini kemur ekki meir“

„Nei, ég get ekki farið aftur til Vestmannaeyja. Mamma vill bara ekki fara þangað aftur. Hún var svo hrædd, þegar lætin byrjuð — og aði líka. Nei, ég var ekkiert hræddur. Og ég líka sagði þeim að vera ekkiert hrædd. En svo varð ég veikur í skipunum, en það var alli í lagi. Ég fékk sko poka“, þannig fórust honum orð i viðtaki við blaðamann Vísli í gær, fjögurra ára gamla Vestmannaeyingum, sem hefur fengið inni á barnaheimilinu Bakkaborg í Breiðholti.

„Pabbí er ennþá úti í Eyjum til að passa flugvélarnar. Ég er ekkiert hrædd um hann. Hann er svo duglegur“, hélt Jón Pál áfram. Hann sagði, að pabbí sinn hét Halli „eða sko Hallgrímur eins og aði“. Og Jón Pál segir

okkur líka, að hann hafi átt heimá við Kirkjubœginum.

Við spurdum hann, hvort hann saknaði ekki einhvers, sem hann átti í Vestmannaeyjum? „Ju, ég sakna kisunnar minnar soldíð“, var svarið. Og þegar við spurðum hann, hvort hann ætlaði ekki að seksja hana út í Eyjum, svaraði hann: „Ja, þá verð ég ná að flýta mér voða mikil“.

Svo varð Jón litli enn daprari á svipnum en áður. Svo sagði hann. „Steini kemur aldrei meir“.

Löng þógn.

Við spurdum við hann að því, hvernig hann kynni við sig á nýja barnaheimilinu. „Allt í lagi“, var svarið — og Vestmannaeyingurinn teymið okkur ljósmyndarann þangað sem eggjabakki stóð á borði máladráum í öllum regnbogans

litum. A hann voru líka límdir misháð hólkar og kubbar af ýmsum stærðum og gerðum, einnig máladráir.

Þeir eru hús, sem ég var að búa til“, útskýrði Jón Pál. „Svo hef ég líka verið að teikna. Stundum hef ég búið til smávegis myndir um lætin heima. Ekki samt margar, báðar nokkrar“.

Svo sneri hann skyndilega talnumið að óðru: „Það var tjörn fyrir framan leikskólanum minn í Eyjum. Hér er engin svoleiðis. En ég veit um eina í Hafnarfirði. Hún er samt ekki eins fin og min“, sagði hann. Óg enn purfti hann að hugsa þínulitið.

Að lokum spurdum við Jón Pál þeirrar klassískur spurningar, hvad hann ætlaði að verða, þegar hann væri orðinn stóri. Hvort hann

ætlaði kannski að fljúga með pappa sinum. „Nei“, var svarið. „Ég verð nefnilega stýrimáður á togarabát og sveolið“.

Forstöðukona Bakkaborgar tjáði okkur, að tveir litlir Vestmannaeyingar myndu að öllum líkendum koma að heimilið að viðbótar. Kváð hún heimilið að visu vera fullskiptað, en ómögulegt væri að úthysla litla flöttafólkini eins og kringumstæður væru.

Hjá Sumargjöf höfðu þeir ekki upplýsingar í gær um fjöldi þeirra barna, sem kynna að hafa verið tekin inn að barnaheimilinum. Forstöðukonur heimilanna ættu ennþá eftir að láta vita af þeim til félagsins.

— PJM

— rabbað við fjögurra ára gamlan Vestmannaeying



„Þetta byrfti ég eiginlega að mala líka rautt“, sagði Jón litli hugsandi. Hann hefur líka „búið til smávegis myndir um lætin heima.....“